

Koch gegn Þýskalandi
Dómur frá 19. júlí 2012

Mál nr. 497/09

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Réttur til að deyja með reisn. Aðild. Lögvarðir hagsmunir.

1. Málsatvik

Kærandi, Ulrich Koch, er þýskur ríkisborgari, fæddur árið 1943 og búsettur í Braunschweig. Eiginkona hans lamaðist nær alveg í slysi árið 2002 og varð eftir það að vera í öndunarvél og njóta stöðugrar hjúkrunar. Hún vildi því binda enda á líf sitt. Í nóvember 2004 sótti hún um leyfi til stjórnvalda að verða sér úti um banvænan skammt af lyfinu pentóbarbítali í þessu skyni. Umsókninni var hafnað á þeim grundvelli að leyfið stangaðist á við þýsku lyfjalöggjöfina. Hjónin kærðu synjunina til æðra stjórnvalds. Þann 12. febrúar 2005 tók eiginkona kæranda eigið líf í Sviss með aðstoð frá samtökunum Dignitas.

Þann 3. mars 2005 staðfesti Lyfja- og læknaþækjastofnun Þýskalands synjunina. Í apríl höfðaði kærandi mál fyrir dómstólum til ógildingar ákvörðuninni. Þýskur dómstóll komst að þeirri niðurstöðu að kæranda skorti aðild að málinu en tók jafnframt þá afstöðu að synjunin hefði verið lögmæt og í samræmi við 8. gr. Mannréttindasáttmálans. Áfrýjunardómstóll vísaði málinu frá sökum aðildarskorts. Stjórnlagadómstóll landsins komst að sömu niðurstöðu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að synjun um að veita eiginkonu hans leyfi til að fá banvænan skammt af lyfjum hefði brotið gegn réttindum þeim er 8. gr. Sáttmálans tryggir, nánar tiltekið rétti hennar til að deyja með reisn. Enn fremur hafi verið brotið á rétti hans til einkalífs og fjölskyldu.

Niðurstaða

Dómstóllinn kannaði fyrst hvort brotið hefði verið á réttindum kæranda samkvæmt 8. gr. Dómstóllinn áréttaði að mál þetta væri ekki sambærilegt hefðbundnum málum þar sem eftirlifandi höfðar mál fyrir hönd fráfallins maka eða ættingja þar sem kærandi héldi fram að einnig hafi verið brotið á sínum rétti samkvæmt 8. gr.

Kærandi og kona hans höfðu verið gift í 25 ár. Hafði hann staðið henni við hlið í gegnum allar hennar þjáningar og loks fylgt henni til Sviss er hún ákvað að taka eigið líf. Staðfesta hans og ákveðni sýndi sig einnig í því að hann hafði höfðað mál ásamt konu sinni fyrir lát hennar og haldið málinu áfram í eigin nafni eftir að hún féll frá. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði eins og málinu var háttað haft mikla og beina hagsmuni af því að fá úrlausn um kröfu sína.

Dómstóllinn féllst ekki á þær röksemdir þýska ríkisins að óþarft hefði verið að veita kæranda rétt til að fara með mál konu sinnar þar sem hún hefði getað beðið eftir efnislegri úrlausn þýskra dómstóla. Áréttaði dómstóllinn að málsmeðferðin hefði tekið langan tíma fyrir þýskum dómstólum og ekki lokið fyrr en þremur árum og níu mánuðum eftir dauða hennar.

Komst dómstóllinn því að þeirri niðurstöðu að synjun þýskra yfirvalda um að leysa efnislega úr málinu hefði haft bein áhrif á kæranda og því verið um að ræða brot á 8. gr. gegn honum. Þýska ríkið taldist ekki hafa sýnt fram á að synjun við ósk hans um að leita réttar fyrir hönd konu sinnar hefði verið heimil samkvæmt 8. gr. Var því brotið á rétti kæranda til einkalífs og fjölskyldu þar sem mál hans var ekki tekið til efnislegrar úrlausnar.

Dómstóllinn tók svo fram að það væri þýskra dómstóla að dæma um rétt fólks til að taka eigið líf með aðstoð annarra. Dómstóllinn skoðaði því ekki efnishlið málsins.

Var þýska ríkinu gert að greiða kæranda 26.736,25 evrur í málskostnað og 2.500 evrur í miskabætur.